



Akureyrarbær

Reglur Menningarsjóðs:

Menningarsjóður Akureyrar er samheiti yfir samstarfssamninga, verkefna- og ferðastyrki sem Akureyrarbær veitir félögum og lögráða einstaklingum í menningarlífinu í bænum.

Menningarsjóður var stofnaður á aldarafmæli Akureyrarbæjar, 29. ágúst 1962, með 300.000 kr. stofnframlagi bæjarsjóðs Akureyrar. Sjóðnum var síðar breytt þannig að um heimild á fjárhagsáætlun er að ræða í stað eiginlegs sjóðs.

1) Hlutverk sjóðsins er að styrkja menningarstarfsemi á Akureyri með fjárframlögum.

2) Helstu verkefni sjóðsins eru að:

- a. styðja við lögráða einstaklinga og félög sem auðga menningarlíf í bænum með verkefna- og ferðastyrkjum.
- b. gera samstarfssamninga við félagasamtök í bænum um menningarstarfsemi.
- c. veita starfslaun til listamanna, sbr. samþykkt þar um.
- d. styðja sérverkefni sem sjóðsstjórn kann að ákveða hverju sinni.

3) Stjórn Akureyrarstofu er sjóðsstjórn og tekur ákvarðanir um styrkveitingar úr sjóðnum en getur falið starfsmönnum Akureyrarstofu að ákveða veitingu smærri styrkja skv. sérstöku vinnureglum sem stjórnin samþykkir.

4) Við fjárhagsáætlunargerð hvers árs er ákvörðuð heildarfjárheimild Menningarsjóðs. Berist Akureyrarbæ peningagjafir sem ætlaðar eru til menningarstarfsemi bætist þær við Menningarsjóð.

5) Gerðir sjóðsstjórnar þarf ekki að leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar enda rúmist ákvarðanir hennar innan heimilda fjárhagsáætlunar.

6) Um hæfi nefndarmanna gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og Samþykktar um stjórn Akureyrarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Um hæfi starfsmanna gilda einnig ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Samþykkt í stjórn Akureyrarstofu 4. febrúar 2015

Úthlutunar- og vinnureglur Menningarsjóðs:

- 1) Í styrkumsóknum skal þess getið hvernig verkefnið tengist menningarlífi á Akureyri. Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Menningarsjóði í febrúarmánaði ár hvert. Heimilt er að auglýsa aukaúthlutun ef fjárheimildir leyfa. Fjárhæð þeirra styrkja sem í boði eru fara eftir heimildum Menningarsjóðs í fjárhagsáætlun hverju sinni og hve hátt hlutfall styrkja er bundið samstarfssamningum.
- 2) Upphæðir samstarfssamninga geta verið á bilinu 100.000-800.000 kr. og upphæðir verkefnastyrkja á bilinu 50.000-300.000 kr.
- 3) Framkvæmdastjóri Akureyrarstofu og verkefnastjóri menningarmála geta í sameiningu afgreitt styrki allt að kr. 75.000. Um er að ræða annars vegar verkefnastyrki sem metnir eru út frá mælikvörðunum sem fram koma í grein 7 og ferðastyrki til listamanna til að fremja eða sýna list sína. Ferðastyrkur v/ listviðburðar innanlands nemi 25 þús. og styrkur vegna ferðar til útlanda nemi 50 þús. Hver listamaður getur einungis fengið einn slíkan styrk á ári. Framkvæmdastjóri gerir stjórn ársfjórðungslega grein fyrir þeim styrkjum sem afgreiddir hafa verið.
- 4) Menningarsjóður Akureyrar styður ekki við hefðbundin stofn- og rekstrarkostnað, útgáfu, kaup á munum og skráningu gagna. Menningarsjóður styrkir ekki aðrar stofnanir Akureyrarbæjar.
- 5) Styrkþegar skrifa undir samning þar sem kveður á um fyrirkomulag greiðslu og hvernig Akureyrarstofu skuli getið í kynningarefni.
- 6) Styrkþegum ber að skila lokaskýrslu um árangur verkefnis en þeim skal ljúka sama ár og styrkveiting fer fram.
- 7) Við mat á umsóknum skulu Menningarstefna Akureyrar og reglur Akureyrar um styrki vera höfð til hliðsjónar. Jafnframt er mælt með eftirtöldum mælikvörðum við mat á forgangsröðun umsókna:
 - a) Auðgar verkefnið / starfsemin menningarlífið í bænum?
 - b) Felur verkefnið í sér frumsköpun og veitir frumflutningi brautargengi?
 - c) Hefur verkefnið sérstöðu?
 - d) Hefur verkefnið endurnýjun eða nýliðun styrkþega að leiðarljósi?
 - e) Hverjar eru líkurnar á að verkið verði framkvæmt og það laði að frekara fjármagn?
 - f) Gæði, vinnsla og framsetning umsókna.
 - g) Er sýnileiki Akureyrarbæjar tilgreindur í umsókninni?
 - h) Hefur verið skilað lokaskýrslu frá síðustu styrkveitingu (ef við á)?